



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 6. febrúar 2023

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi að breytingu á raforkulögum

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 17/2023, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar áform um breytingu á lögum í tengslum við raforkueftirlit Orkustofnunar. Í kynningu um málið segir að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur haft til skoðunar lög og reglur sem varða kröfur tilskipunar ESB nr. 2009/72/EB um sjálfstæði raforkueftirlits. Að mati ESA tryggja raforkulög, nr. 65/2003, og lög um Orkustofnun, nr. 87/2003, ekki fulllega sjálfstæði raforkueftirlits eins og gerð er krafa um í tilskipun ESB. Samandregið kemur þar einnig fram að helstu athugasemdir ESA er að skortur sé á skýrri aðgreiningu raforkueftirlitsins og Orkustofnunar, ekki sé gerð krafa um að raforkueftirlitið setji sér eigin starfsreglur. sjálfstæði raforkueftirlits gagnvart Orkumálastjóra sé ekki fullnægjandi og loks að fjárveiting Orkustofnunar og raforkueftirlitsins sé ekki aðskilin.

SI styðja framkomin áform og eru boðaðar breytingar í samræmi við áherslur samtakanna á sviði raforkumála. Vísast hér m.a. til skýrslu SI um raforkumál frá árinu 2019 þar sem gerð var sú tillaga að úrbótum á raforkumarkaði að efla eftirlit á raforkumarkaði. Þá er einnig áréttað í stefnu SI um raforkumál mikilvægi þess að regluverk sé skýrt og eftirlit með íslenskum raforkumarkaði sé virkt og skilvirkt en ekki íþyngjandi.

SI taka einnig að fullu undir ábendingar ESA um að núverandi fyrirkomulag er ekki til þess fallið að tryggja kröfur um sjálfstæði raforkueftirlits Orkustofnunar og mikilvægt er að bregðast við ábendingum ESA skjótt og með fullnægjandi hætti. Kalla þær ábendingar einnig á nánari skoðun hvort Orkustofnun teljist sjálfstæð stofnun gagnvart umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti er viðkemur stífum kröfum EES gerða á sviði raforkumála er kveða á um slíkt sjálfstæði eftirlitsaðila á raforkumarkaði. Má hér horfa til framkvæmdar er viðkemur eftirliti á samkeppnismarkaði þar sem sjálfstæði Samkeppniseftirlitsins gagnvart stjórnvöldum er tryggt með skipun stjórnar yfir stofnuninni, sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005.

Benda SI á að þess eru dæmi að stjórn hafi verið skipuð yfir starfsemi Orkustofnunar, sbr. þáverandi 1. gr. orkulaga nr. 58/1967, eins og þeim var breytt með lögum nr. 53/1985, þar sem þriggja manna stjórn var sett yfir starfsemi Orkustofnunar. Var umrædd stjórn afnumin með heildarlögum um Orkustofnun, nr. 87/2003.



Þá benda SI á að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti hefur boðað endurskoðun á starfsemi stofnanna er heyra undir yfirstjórn ráðuneytisins, sbr. frétt á heimasíðu ráðuneytisins frá 1. febrúar sl. Í umræddri frétt kemur fram að því að sameina tilteknar stofnanir í þrjár stofnanir. Meðal áforma um sameiningu stofnana er m.a. sameining Orkustofnmunar og hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar í eina stofnun, þ.e. Loftslagsstofnun. Að mati SI er því mikilvægt að við þá vinnu verði litið til þess hvernig unnt sé að tryggja sjálfstæði raforkueftirlits hér á landi í samræmi við EES gerðir á sviði raforkumála og fyrirliggjandi ábendingar ESA um þá framkvæmd, og þá hvort slíkur eftirlitsaðili skuli rekinn aðskilinn frá slíkri stjórnsýslueiningu.

SI gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála